

Tilmæli 36/2024
Tillaga A 1986/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 36/2024 Pisa-könnun (A 1986/UKK)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 36/2024 hvað varðar Pisa-könnun og líti svo á að tilmælin séu *að fullu afgreidd* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að stofnað verði norrænt samstarfsnet um menntamál sem veiti menntamálaráðherrum Norðurlandanna aðstoð með þekkingu á aðgerðum til að bæta námsárangur nemenda. Sérstök áhersla skuli lögð á bættan les- og orðskilning nemenda.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræn menntakerfi eru almennt í fremstu röð og ofar meðaltali Evrópusambandsins í alþjóðlegum rannsóknum. Aftur á móti hefur námsárangurinn orðið lakari í öllum norrænu löndunum undanfarin ár.

Munurinn á námsgetu, umfram allt í skólum, hefur aukist. Oft ber mest á ófullnægjandi námsárangri og skorti á áhuga og metnaði hjá nemendum frá efnaminni svæðum og þeim sem hafa innflytjendabakgrunn. Hækka verður þekkingarstigið um öll Norðurlönd.

Í formennskutíð Svía var lögð áhersla á að efla þekkingu í löndunum. Niðurstöðurnar í PISA-könnuninni hafa verið skoðaðar frá mörgum hliðum í tengslum við stærðfræði og námsárangur í skólum. Málið var sérstakt umfjöllunarefni á fundi ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) 3. maí 2024, þar sem sérstök áhersla var lögð á aðgerðir til að efla áhuga ungs fólks á svokölluðum STEM-greinum (náttúruvísindum, tækni og stærðfræði) á öllum menntastigum.



MR-U velti einnig fyrir sér hvaða þætti þessa málefnis væri rétt að huga áfram að á norrænum vettvangi. Samhljómur var um þær sameiginlegu og flóknu áskoranir sem Norðurlönd standa frammi fyrir vegna lakari PISA-niðurstaðna.

Formennska Svía efndi enn fremur til málþings í maí 2024 með þátttöku stofnana í öllum norrænu löndunum, sem hafa PISA-könnunina á sínu verksviði, auk OECD. Málþingið var tekið upp til að unnt yrði að tileinka sér það sem þar fór fram eftir á.

Formennska Finna tekur upp þráðinn árið 2025 með því að rannsaka orsakirnar fyrir æ verri námsárangri og stefna að því að auka hæfnina.

Norrænu löndin eru um margt lík en samt er sá munur á þeim að áhugavert og arðsamt þykir að ráðast í greiningar með norrænu sjónarhorni.

Þess vegna var skipaður norrænn hópur sérfræðinga frá menntamálayfirvöldum landanna, sem hafa umsjón með matsstarfinu, og komu þeir með tillögur að umfjöllunarefnum Northern Lights-ritanna. Verið er að skoða hvort unnt sé að veita þessum óformbundna sérfræðingahópi menntamálayfirvalda, sem þegar er að störfum, opinbert hlutverk og opinber verkefni.

Nýju samstarfsáætlanirnar voru samþykktar á Norðurlandaráðsþinginu 2024 og á grundvelli þeirra er verið að semja starfsáætlanir sem eiga að umbreyta pólitískum áherslum í raunverulegar framkvæmdir. Eitt af undirmarkmiðum samstarfsáætlunarinnar um menntamál og rannsóknir er að fleiri öðlist góða grunnfærni. Sama markmið er að finna innan European Education Area (EEA) sem gefur starfinu aukna vídd.

Samkvæmt samstarfsáætluninni og starfsáætluninni verður ráðist í nýjar aðgerðir á árabílinu 2025 til 2030.

Á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar þykja tilmælin vera mikilvæg og í takti við tímann. Skrifstofan mun athuga forsendurnar fyrir því að skapa slíkt norrænt samstarfsnet sérfræðinga á sviði menntamála. Fyrst þarf að skilgreina þekkingargrunninn og því næst kortleggja aðgerðir og matsgerðir sem ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum hafa nú þegar ýtt úr vör. Virðist einnig liggja beint við að líta til ýmissa alþjóðlegra rannsókna sem norræn lönd hafa tekið þátt í.

Norræna ráðherranefndin telur að með þessu hafi verið orðið við tilmælunum að hluta.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar fyrir svar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nefndin áréttar ánægju sína með að bæði formennska Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni 2024 og núverandi formennska Finnlands hafi sýnt áhuga á að kanna ástæður lakari PISA-árangurs og viðbrögð til að veða á móti þeim. Nefndin styður áframhaldandi vinnu og samnorrænar aðgerðir til að bregðast við þeim löku niðurstöðum sem fjallað er um í svarinu.

Þá er afar jákvætt að Norræna ráðherranefndin taki til greina tillögu nefndarinnar um að skipa norrænt samstarfsnet um menntamál og að tillagan verði hluti af áætlunum ráðherranefndarinnar um samnorrænar aðgerðir til að bregðast við æ lakara ástandi á Norðurlöndum eins og Pisa-niðurstöðurnar bera meðal annars með sér.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin mun áfram fylgjast með málefningu og hefur skóladag barna á Norðurlöndum á dagskrá sinni árið 2025, þar á meðal bættu velferð og námsárangur. Nefndin mun því áfram fylgjast grannt með starfi og aðgerðum Norrænu ráðherranefndarinnar í þessum málaflokki.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 36/2024 hvað varðar Pisa-könnun og líti svo á að tilmælin séu að fullu afgreidd af hálfu ráðsins.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Kristján Þórður Snæbjarnarson (Sf)

Kirsti Leirtrø (A)

Lars Mejern Larsson (S)

Nina Fellman (S)

Per Husted (S)

Marko Kilpi (saml)

Noora Fagerström (saml)

Helge André Njåstad (FrP)

Catarina Deremar (C)

Guðbrandur Einarsson (Vr)

Kathrine Kleveland (Sp)

Veronika Honkasalo (vänst)

Freddy André Øvstegård (SV)

Miko Bergbom (saf)

Victoria Tiblom (SD)